



Erindisbréf upplýsingaöryggisnefndar

Umboð

1. gr.

Upplýsingaöryggisnefnd starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

Verksvið

2. gr.

Nefndin mun vinna í samræmi við öryggisstefnu Fjarðabyggðar og vinna samkvæmt skilgreindum verlagsreglum. Nefndin skal funda reglulega til að fara yfir atvik sem upp kunna að hafa komið sem og verklag vegna notkunar og reksturs upplýsingatæknikerfa. Fundir nefndarinnar skulu bókaðir. Í öryggiskerfi Fjarðabyggðar hafa verið skilgreindar sérstakar verklagsreglur sem öryggisnefnd skal starfa eftir.

Helstu verkefni

3. gr.

Nefndin skal annast umhald frávikaskráningar, viðbrögð og eftirfylgni vegna frávika í samræmi við verklagsreglur Fjarðabyggðar.

Nefndin skal jafnframt sjá um almenna kynningu á öryggisþáttum og öryggismálum fyrir starfsmenn í samráði við bæjarráð.

Nefndin skal framkvæma reglubundið eftirlit með notkun upplýsingakerfa Fjarðabyggðar, kanna hvort notkunin sé í samræmi við þarfir og heimildir notenda.

Nefndinni er jafnframt ætlað að yfirfara og skilgreina fyrirbyggjandi starfsreglur sínar og leggja fram tillögur að endurbættum reglum, eigi síðar en 30. apríl 2018, í samræmi við neðangreinda þætti:

1. Öryggiskröfur Fjarðabyggðar
2. Upplýsingaöryggisstefnu Fjarðabyggðar
3. Útfærslu öryggisstefnu
4. Verklagsreglur vegna öryggikerfis, reksturs og notkunar upplýsingatæknikerfa
5. Áhættumat vegna reksturs og notkunar upplýsingatæknikerfa hjá stofnuninni

Skipan

4. gr.

Upplýsingaöryggisnefnd skipar bæjarráð. Í nefndinni eiga sæti upplýsingastjóri sem fer með formennsku nefndarinnar, persónuverndarfulltrúi og þrír aðrir starfsmenn sveitarfélagsins. Nefndin skipar ritara úr sínum röðum.

Fundarsköp, boðun funda og ritun fundagerða

5. gr.

Upplýsingaöryggisnefnd fundar að jafnaði fjórum sinnum á ári og skulu fundir boðaðir með tveggja sólarhringa fyrirvara. Formaður boðar til fundar og útbýr dagskrá. Nefndin getur boðað einstaka starfsmenn Fjarðabyggðar eða tæknimenn þjónustuaðila til fundarins ef þurfa þykir. Skrá ber fundargerð og setja hana til kynningar sem dagskrárlið á fundi bæjarráðs sem trúnaðarmál.



Ákvarðanir nefndar

6.gr.

Upplýsingaöryggisnefnd skal leggja fram tillögur um veigamikilar breytingar í upplýsingatæknimálum sem lúta að persónuvernd og trúnaðaröryggi fyrir bæjarráð til staðfestingar.

Annað

7.gr.

Umboð upplýsingaöryggisnefndar er endurnýjað í upphafi hvers kjörtímabils en skipan þess tekur breytingum eftir ákvörðun bæjarráðs og bæjarstjórnar. Ekki eru greiddar þóknanir fyrir störf nefndarinnar.

Samþykkt í bæjarstjórn þann 2. júlí 2018.

Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri